

Ed.

882. Frumvarp til laga

[10. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. lög nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

(Eftir 3. umr. í Nd., 6. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað orðsins „raforkumálastjóra“ í 3. tölul. komi: Orkustofnun.
- b. Aftan við greinina bætist nýr töluliður, nr. 4, svo hljóðandi:

Að vinna að því í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa til hitunar húsa og annarra þarfa, eftir því sem hagkvæmt er talið.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóði svo:

Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.

3. gr.

Í stað 2. málsg. 5. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til sem höfuðstól allt að 350 millj. kr. gegn jöfnu framlagi frá Reykjavíkurborg. Er ríkisstjórninni heimilt að taka lán innan lands eða utan til greiðslu á höfuðstólsframlagi ríkissjóðs. Af höfuðstól þessum greiðir Landsvirkjun aðilum arð skv. nánari ákvörðun í reglugerð.

4. gr.

Í stað 6. gr. laganna komi svo hljóðandi grein:

Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflostöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

5. gr.

Í stað 1. málsg. 13. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Við virkjanir Landsvirkjunar í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá, sbr. 6. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjananna. Hið sama gildir um eldsneytisaflostöðvar Landsvirkjunar.

6. gr.

Í stað 1. málsg. 15. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar og virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, sbr. 6. gr., að fjárhæð allt að 5 900 millj. króna (67 millj. Bandaríkjadollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.